

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Kristján Daníel Sigurbergsson
Sendandi: Egill Jónasson, Hópstjóri mæla- og notendapjónustu
Dagsetning: 5. desember 2019
Efni: **Skammtímatengingar**

Af öryggisástæðum hafa Veitur ákveðið að breyta afhendingu á skammtímaheimtaugum. Ef óskað er eftir skammtímatengingu ber notanda að útvega skáp við hlið götuskáps eða dreifistöðvar þar sem Veitur munu afhenda tengingu. Skápur notanda mun vera afhendingarstaður Veitna og gerð er sú krafa að skápurinn verði útbúinn með bilunarstraumsrofa, sjálfvara og mæli. Þar sem frestur er skammur og aðstæður þannig að erfitt er útvega og koma fyrir mæli munu Veitur gera undanþágu frá mælingu næstu sex mánuði.